

Fimmtudaginn 5. mars 1981.

Nr. 118/1980. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Guðbergi Guðnasyni

(Örn Clausen hrl.).

Opinberir starfsmenn. Líkamsmeiðingar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Ákæruefni og rannsóknargögnum er lýst í héraðsdómi.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdómara, að ákærði hafi ekki gerst offari í viðbrögðum sínum gegn Hólmgeir Pálmasoni inni í samkomuhúsinu á Flateyri, er hann flutti hann með valdi út úr húsinu. Stóðu efni til þeirra aðgerða, eins og framkomu Hólmgeirs var háttað, og er eigi sannað, að ákærði hafi beitt hann harðræði úr hófi.

Þá ber einnig að staðfesta það sakarmat héraðsdómara, að aðfarir ákærða gegn Hólmgeir utan samkomuhússins hafi verið óhæfilega harkalegar, og fóru þær út fyrir mörk valdbeitingar, sem löggæslureglur heimila. Háttarni ákærða er réttilega fært til refsíákvæða í héraðsdómi. Við refsíákvörðun ber að gæta þess, að Hólmgeir réðst til inngöngu í samkomuhúsið, eftir að ákærði hafði löglega flutt hann út úr því. Þykir refsíákvörðun héraðsdómara hæfileg.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að Hólmgeir Pálmason eigi rétt á skaðabótum úr hendi ákærða vegna líkamsáverka og afleiðinga þeirra. Þykja skaðabæturnar réttilega ákveðnar í héraðsdómi, nema að því er varðar 6. tölu-lið um lögfræðilega aðstoð, en sú krafa verður eigi tekin til greina í máli þessu. Háttsemi Hólmgeirs Pálmasonar var mjög vítaverð, sem fyrr greinir, og þykir réttmætt að skipta sök svo, að ákærði greiði honum helming tjónsins, en Hólmgeir beri helming þess sjálfur. Nema skaðabætur 2.726.00 nýkrónum, og ber að dæma ákærða til að greiða Hólmgeir

Pálmasyni 1.363.00 krónur (nýkr.) ásamt 13% ársvöxtum frá 11. apríl 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo sem krafist er, en upphafstímamark vaxta hefur eigi sætt andmælum sérstaklega.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, 2.000.00 krónur (nýkr.), er renni í ríkissjóð, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, 2.000.00 kr. (nýkr.)

Það athugast, að ákæruvald hefði átt að bera mál þetta undir dómsmálaráðuneytið, áður en saksókn var ráðin, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 74/1974. Þar sem ráðuneytið lét uppi bréflega það álit, að eðlilegt væri, að dómsrannsókn færi fram út af sakarefni þessu, þykir mega leggja efnisdóm á málið.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að því er varðar refsingu ákærða, Guðbergs Guðnasonar, og um sakarkostnað.

Ákærði greiði Hólmgeir Pálmasyni 1.363.00 krónur ásamt 13% ársvöxtum frá 11. apríl 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 2.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég tel, að staðfesta eigi hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans. Ég er sammála meiri hluta dómenda um málskostnaðarákvæði í Hæstarétti.

Dómur sakadóms Ísafjarðarsýslu 30. nóvember 1978.

Ár 1978, fimmtudaginn 30. nóvember, var í sakadómi Ísafjarðarsýslu, sem haldinn var að Hafnargötu 37, Bolungarvík, af Halldóri Kristinssyni setudómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 63/1977: Ákærvaldið gegn Guðbergi Guðnasyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. nóvember 1978, er höfðað af ríkissaksóknara með ákæruskjali, dags. 10. apríl 1978, á hendur Guðbergi Guðnasyni héraðslögreglumanni, Eyrarvegi 7, Flateyri, fæddum 22. október 1947 á Flateyri, „fyrir að hafa máudagsnóttina 11. apríl 1977, þá er ákærði gegndi löggæslustörfum á dansleik í samkomuhúsinu á Flateyri, gerst offari í löggæslustörfum gagnvart Hólmgeir Pálmasoni, Grundarstíg 22, Flateyri, með því að hafa við lok dansleiksins þurft að beita nefndan Hólmgeir valdi við að koma honum út úr húsinu með hjálp aðstoðarmanns við löggæsluna, en eigi látið þar við sitja að yfirvinna mótþróa Hólmgeirs með venjulegum hætti, heldur slegið hann þar nokkur hnefahögg í andlitið og kastað honum síðan út úr húsinu og nokkru síðar, er Hólmgeir leitaði inngöngu í samkomuhúsið á ný, tekið Hólmgeir aftur tökum og yfirbugað hann með því að fella hann á jörðina fyrir utan húsið og sest þar á hann, en eigi látið þar við sitja, heldur slegið hann þar mörg hnefahögg liggjandi á jörðinni og ekki látið af barsmíðinni, fyrr en Hólmgeir lá þar eftir meðvitundarlaus.

Við læknisskoðun kom í ljós, að Hólmgeir hafði hlotið við aðfarirnar ýmsar ákomur, einkum í andliti, m. a. mikið glóðarauga vinstra megin, skurði á vörum, miklar blóðnasir og auk þess smærri skrámur og mör víðsvegar um líkamann, allt með þeim afleiðingum, að hann varð frá vinnu um það bil vikutíma.

Framanlýst atferli ákærða telst varða við 1. mgr. 217. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta til Hólmgeirs Pálmasonar, verði þeirra krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Aðfararnótt annars í páskum 1977, sem bar upp á hinn 11. apríl, var haldinn dansleikur í samkomuhúsi Flateyrar. Ákærði, Guðbergur Guðnason héraðslögreglumaður, var við löggæslu í húsinu við þetta tækifæri, klæddur lögreglubúningi. Samkoman stóð frá miðnætti til 0400 og var haldin af Íþróttafélaginu Gretti. Fyrirsvarsmenn félagsins báðu ákærða að annast löggæsluna og greiddu

honum laun samkvæmt reikningi. Í dómskýrslu ákærða kemur fram, að hann hafi starfað við löggæslustörf undir stjórn hreppstjóra um árabíl, einkum á dansleikjum. Meðal samkomugesta var Hólmgeir Pálmason, sem nefndur er í ákæruskjali. Hann átti í orðaskaki og átökum við aðra samkomugesti undir lok dansleiksins.

Nokkru eftir að dansleiknum lauk, skipaði ákærði Hólmgeir að hverfa úr húsinu. Var Hólmgeir ósáttur við þau fyrirmæli. Tjáði hann ákærða af því tilefni, að hann teldi ákærða engan lögregluþjón vera. Hólmgeir kom fyrir dóminn sem vitni og skýrði þá frá viðbrögðum sínum á þann veg, að hann hefði „sett sig í varnarstöðu“ og „borið fyrir sig kreppta hnefa“, en hefði þó alls ekki gert sig líklegan til að ráðast gegn ákærða.

Hófust nú átök milli ákærða og Hólmgeirs. Segir Hólmgeir í vitnisburði sínum, að ákærði hafi gripið í sig og hann þegar tekið á móti, því hann hefði alls ekki viljað láta henda sér út, heldur ganga sjálfviljugur. Hann segir þá hafa fallið í gólfið og hafi ákærði lent ofan á. Í þessu hafi Jón Heiðar Guðjónsson, aðstoðarmaður ákærða, komið og veitt ákærða lið. Gerði vitnið sér ekki grein fyrir því, hvort Jón Heiðar hélt báðum höndum þess eða hvort ákærði hélt annarri. Segir vitnið ákærða hafa slegið sig í andlitið með krepptum hnefa. Vitnið segist þá hafa sagt: „Á ég að trúa því, að þetta sé lögreglan“. Við það hafi ákærði slegið vitnið tvö önnur högg í andlitið. Því næst kveðst vitnið hafa orðið þess vart, að tekið var á því hálstak, og hafi það átt erfitt með að ná andanum. Ekki gerði vitnið sér það ljóst, hvor þeirra félaganna, ákærði eða Jón Heiðar, var þar að verki. Segist vitnið hafa barist við að ná andanum þjakað af köfnunartilfinningu. Hálfmáttlaust af loftleysi kveðst vitnið hafa verið flutt að dyrunum, án þess þó að vitnið gæti gert sér grein fyrir því nánar, hvernig það átti sér stað. Það síðasta, sem vitnið kveðst muna af atvikum, sé, að ákærði hafi greitt sér högg í andlitið, þegar í dyrnar var komið, og næst muni vitnið eftir sér, þegar það vaknaði í rúminu heima hjá sér.

Ákærði segir í skýrslu sinni fyrir dómi, að upphaf átakanna hafi verið, að Hólmgeir hafi ýtt við sér og síðan greitt sér högg í brjostið. Þeir hafi síðan tekist á og að lokum fallið í gólfið og hafi Hólmgeir þá haft tak á hári ákærða. Ákærði segir þá Jón Heiðar Guðjónsson báða hafa haldið Hólmgeir og sest á hann, en heldur því eindregið fram, að hvorki hann né Jón Heiðar hafi slegið Hólmgeir inni í samkomuhúsinu.

Samkvæmt frásögn ákærða færðu þeir, hann og Jón Heiðar, Hólmgeir út úr húsinu. Telur hann, að hann hafi tekið um handlegg, höfuð og herðar Hólmgeirs, en Jón Heiðar undir handlegg og fætur, Hólmgeir hafi barist um og reynt að ná til sín, en ekki barið sig. Hólmgeir hafi eitthvað reynt að losa hálstakið, en lítið eða ekkert hafi verið af Hólmgeir dregið. Hann kveðst síðan hafa sleppt Hólmgeir á tröppunum, en Jón Heiðar hafi farið með Hólmgeir alla leið niður tröppurnar og skilið þar við hann og hlaupið inn í samkomuhúsið. Á leiðinni út hafi Hólmgeir spyrnt höndum og fótum í dyrastafi.

Eftir þetta kveður ákærði, að hleypt hafi verið tvisvar sinnum út úr húsinu og er hann hafi verið að hleypa út hið þriðja sinn, þá hafi Hólmgeir beðið fyrir utan og slegið sig högg í andlitið og síðan ráðist að sér. Hafi þeir síðan stimpast á tröppunum og leikurinn borist niður fyrir. Hafi Hólmgeir haft hálstak á sér, en sleppt því, er niður kom. Hólmgeir hafi þá haldið í hár ákærða og haft hönd í munnvikum hans. Ákærði segir, að þá hafi ekki verið um annað að ræða fyrir sig en svæfa Hólmgeir með rothöggi, svo sem hann gerði. Sat hann þá að eigin sögn klofvega á Hólmgeir, sem lá á bakinu. Gat ákærði ekki losað hönd Hólmgeirs úr munni sér á annan hátt en að slá hann. Greiddi hann Hólmgeir högg með hægri hendi, krepptri, á kjálkann vinstra megin. Síðan segist ákærði hafa slegið Hólmgeir laust með hnúanum fram og aftur til þess að athuga, hvort sér væri óhætt að sleppa honum. Ákærði segir Rögnvald Guðmundsson hafa sagt við sig, meðan hann sat á Hólmgeir, „hvort ekki væri nóg komið“. Ákærði hafi svarað því til, að hann ætti ekki að vera að skipta sér af því, sem honum kæmi ekki við.

Í málinu liggur fyrir vitnisburður nokkurra viðstaddra um atburði þessa. Kristján Jón Jóhannesson kom fyrir dóminn sem vitni. Áður hafði hann gefið skýrslu hjá hreppstjóra, sem hann síðan staðfesti fyrir dóminum. Í framburði vitnisins kemur fram, að það hafi haft umsjón með dansleiknum af hálfu Íþróttafélagsins Grettis. Vitnið ber, að þegar verið var að rýma húsið, hafi Hólmgeir Pálmason stillt sér upp fyrir framan Jón Heiðar Guðjónsson, högggreiddur. Enn fremur varð vitnið áheyrandi að því, að ákærði skipaði Hólmgeir að fara út úr húsinu. Segir vitnið Hólmgeir hafa neitað því og í þess stað stillt sér upp með kreppta hnefa. Upp úr þessu hafi komið til átaka milli ákærða og aðstoðarmanns hans annars vegar og Hólmgeirs hins vegar. Segir vitnið þá hafa velst um í gólfinu skamma stund. Síðan hafi ákærði og

aðstoðarmaður hans leitt Hólmgeir út. Vitnið kveðst hafa verið í góðri aðstöðu til að fylgjast með átökunum þarna inni í samkomuhúsinu og aldrei séð Hólmgeir sleginn.

Vitnið Guðmundur Björn Haraldsson gaf einnig skýrslu fyrir dómi og áður fyrir hreppstjóra. Í vitnisburði sínum segist hann hafa verið inni í salnum og séð ákærða koma inn. Sneri ákærði sér að Hólmgeir og skipaði honum að hverfa úr húsinu. Hólmgeir hafi þá sagst komast út sjálfur án aðstoðar og sett sig um leið í varnarstöðu. Vitnið kveðst þá hafa sagt við ákærða, að þeir kæm-ust þetta alveg sjálfir. Ákærði hafi auðsjáanlega ekki mátt vera að því að bíða eftir því og rokið í Hólmgeir og þeir þá fallið í gólfið og ákærði ofan á og úr því orðið stimpingar. Jón H. Guðjónsson hafi þá komið að og haldið höndunum á Hólmgeir, en á meðan hafi ákærði kýlt Hólmgeir í andlitið með berum höndun-um. Vitnið segir sér hafa blöskrað þessi meðferð á Hólmgeir og haft orð á því, að það ætti að stöðva þetta. Stella Jónsdóttir samkomuhússtjóri, en hún er móðir ákærða, gaf þá að sögn vitnisins nærstöddum manni fyrirsmáli um að fleygja vitninu út. Urðu af þessu átök, og mun athygli vitnisins því hafa hvarflað frá ákærða og Hólmgeir á meðan. Þegar vitnið kom út, sá það, hvar Hólmgeir lá á götunni meðvitundarlaus, blóðugur og illa farinn í andliti. Vitnið hjálpaði til að bera Hólmgeir heim til sín að Grundarstíg 22 og koma honum í rúmið. Vitnið kvaðst hafa verið lítillega ölvað og gert sér glögga grein fyrir öllu, sem það sá. Vitnið segist ekki hafa séð Hólmgeir slá eða ýta við ákærða, áður en átök þeirra hófust.

Stefanía Gissurardóttir Breiðdal bar vitni fyrir dómi. Vitnið greindi frá því, að það hefði setið inni í sal að loknum dansleik. Vitnið heyrði hávaða frá dansgólfinu og varð litið í þá áttina. Segist vitnið þá hafa séð Jón Heiðar Guðjónsson halda Hólmgeir Pálmasynti í gólfinu og ákærða slá Hólmgeir 2 eða 3 högg í andlitið með krepptum hnefa.

Vitnið Sigurður Haukur Garðarsson kom fyrir dóminn 2. júlí 1977. Mundi vitnið þá óglöggt atburði aðfaranaetur 11. apríl. Vitnið hafði gefið skýrslu fyrir hreppstjóra hinn 20. apríl, og þegar efni hennar hafði verið rifjað upp fyrir vitninu, kannaðist vitnið við hana og kvað þar rétt með farið. Þar skýrði vitnið svo frá, að það hefði orðið þess vart, að Hólmgeir var að kljást við Guðmund nokkurn Kristjánsson í salnum. Vitnið fylgdist ekki nánar með þeirri viðureign. Skömmu síðar sá vitnið, hvar ákærði og Jón H. Guðjónsson komu með Hólmgeir á milli sín fram ganginn,

og fóru þeir allharkalega með hann að dómi vitnisins. Streittist Hólmgeir á móti og náði taki á hurðarkarminum. Segir vitnið ákærða hafa verið utandyra og hélt hann hálstaki á Hólmgeir, en Jón H. Guðjónsson ýtti á eftir, og tókst þeim að slíta hann frá hurðinni, og við það hrökk Hólmgeir niður tröppurnar. Var hurðinni þá lokað. Vitnið fór út eftir um það bil eina mínútu, að það telur, og sá vitnið þá, hvar ákærði sat á Hólmgeir og kýldi hann nokkur högg í andlitið. Síðan sá vitnið, að ákærði stóð upp og fór inn í samkomuhúsið, en nokkrir strákar báru Hólmgeir heim til sín.

Vitnið Guðbjartur Kristján Greipsson gaf skýrslu fyrir dómi. Upplýsti vitnið, að það hefði verið einn af umsjónarmönnum Íþróttafélagsins Grettis með dansleiknum. Vitnið sagðist hafa verið statt í danssalnum í lok dansleiksins og séð, er þeim ákærða og Hólmgeir lenti saman. Segir vitnið, að húfan hafi dottið af ákærða í ryskingunum. Sagði vitnið, að þeir hefðu fallið í gólfið og legið þar smástund. Síðan hafi Jón Heiðar Guðjónsson komið til hjálpar og þeir tekið hendur Hólmgeirs aftur fyrir bak og leitt hann út úr salnum fram í forstofu. Sá vitnið ekki frammar af viðskiptum þessum. Ákærða sá vitnið hins vegar síðar blóðugan frammi í forstofu.

Vitnið Rögnvaldur Guðmundsson, sem gaf bæði hreppstjóra- og dómskýrslu, skýrði svo frá, að það hefði verið statt úti fyrir dyrum samkomuhússins. Sá vitnið þá, hvar Hólmgeir Pálmason kom hrasandi niður tröppurnar og féll í götuna, en vitninu virtist sem hann kæmi fyrir sig höndunum. Eftir það stóð Hólmgeir upp og gekk upp tröppurnar og bankaði á dyrnar. Sá vitnið þá, að ákærði lauk upp, og kom þá til átaka milli hans og Hólmgeirs, en ekki sá vitnið, hvor byrjaði, þar sem hurðina bar í milli. Síðan bárust þeir samtímis niður tröppurnar og féllu í götuna. Áður en þeir féllu, segir vitnið, að Hólmgeir hafi krækt eða slegið í andlit ákærða. Í fallinu lenti ákærði ofan á og tók að slá Hólmgeir mörg högg í andlitið. Að svo búnu stóð ákærði upp og fór inn í samkomuhúsið, en Hólmgeir lá eftir á götunni hreyfingarlaus. Lýsti vitnið barsmíðinni á þann veg, að ákærði hefði slegið Hólmgeir í andlitið með krepptum hnefa. Hafi hann sveiflað hendinni fram og aftur. Segir vitnið Hólmgeir hafa legið hreyfingarlausan á meðan. Vitnið kveðst hafa hjálpað til við að bera Hólmgeir heim til sín, og virtist vitninu hann vera alveg meðvitundarlaus.

Vitnið Bjarni S. Benediktsson skýrði svo frá atburðum fyrir hreppstjóra og fyrir dómi, að hann hefði verið staddur fyrir utan

samkomuhúsið og þá séð, að ákærði og Jón Heiðar Guðjónsson áttu í erfiðleikum með að koma Hólmgeir Pálmasyni út úr húsínu. Hólmgeir hafi verið í dyrunum og haldið sér í föstu hurðina. Jón Heiðar var úti á tröppum og hélt á honum hálstaki. Vitnið segir Hólmgeir hafa komist inn aftur og Jón Heiðar fylgt honum eftir. Eftir þetta skrapp vitnið frá í um það bil 2—3 mínútur. Næst þegar vitnið kom að dyrunum, sá það, að ákærði sló Hólmgeir í magann, og við það féll Hólmgeir fram af tröppunum og í götuna. Ákærði hafi fylgt Hólmgeir eftir niður tröppurnar og sest ofan á hann. Að sögn vitnisins tók ákærði að berja Hólmgeir í andlitið, 7 til 8 högg. Hólmgeir hafi reynt að ná til ákærða með höndunum, án þess þó að vitnið sæi, hvort þær tilraunir bæru árangur. Eftir 2 högg segir vitnið, að Hólmgeir hafi ekki hreyft hendurnar meira. Vitnið kvaðst aðspurt hafa verið ódrukkíð við þetta tækifæri.

Vitnið Guðmunda Valborg Jónsdóttir gaf hreppstjóraskýrslu, sem hún síðar staðfesti við skýrslugjöf fyrir dómi. Vitnið segist hafa farið út úr samkomuhúsinu og þá séð, hvar ákærði sat á Hólmgeir Pálmasyni og lamdi hann mörg högg í andlitið. Virtist vitninu Hólmgeir vera hreyfingarlaus allan tímann og lá í götunni sem dauður væri.

Jón Heiðar Guðjónsson gaf skýrslu fyrir hreppstjóra. Skýrði hann þá svo frá, að ákærði hefði að loknum dansleiknum átt í erfiðleikum við að rýma húsið. Nokkrir menn hefðu verið með ryskingar og læti. Meðal þeirra hefði verið Hólmgeir Pálmason. Ákærði kvaddi vitnið sér til aðstoðar. Vitnið heldur því fram, að Hólmgeir hafi ráðist á ákærða og eftir nokkrar ryskingar hafi þeim tekist að koma Hólmgeir út. Stundarkorni síðar hefði ákærði verið að hleypa fólki út og þá hefði Hólmgeir ráðist að ákærða öðru sinni og slegið hann, svo úr hefði blætt. Viðureign þessi hafi síðan borist út á götu og þar orðið allmikil átök.

Vitnið Gottskálf Jensson gaf enn fremur skýrslu fyrir hreppstjóra. Vitnið kvaðst hafa verið úti, en komið inn í salinn, þegar flest allt fólkið var farið. Sá vitnið þá, hvar ákærði og Jón Heiðar Guðjónsson höfðu hendur á Hólmgeir Pálmasyni, sem lá á gólfinu, en voru rétt um það bil að reisa hann á fætur. Síðan hafi þeir farið með hann allharkalega út úr salnum, og segir vitnið þá hafa snúið upp á handleggi Hólmgeirs fyrir aftan bak. Brá vitnið sér frá um stundarsakir í þessum svifum, en fór svo strax út aftur. Þegar vitnið kom út á tröppurnar, sá það, að Hólmgeir lá á bakinu í götunni, en ákærði sat klofvega á honum og kýldi hann með

hægri hendi fram og til baka í andlitið, að minnsta kosti sjö högg. Segir vitnið Hólmgeir hafa verið hreyfingarlausan allan tímann og enga mótspyrnu veitt. Þegar ákærði var hættur barsmíðinni, en sat enn á Hólmgeir, segir vitnið einhvern nærstaddan hafa innt ákærða eftir því, hvort ekki væri nóg komið. Virtist vitninu á svari ákærða, að hann væri mjög æstur og hefði enga stjórn á skapi sínu. Vitnið tók fram, að það hefði verið ódrukkið, er atburðir þessir áttu sér stað.

Kristbjörn Tryggvason læknir gaf svofelld áverkavottorð í til-efni af meiðslum þeim, sem Hólmgeir Pálmason hlaut í framan-greindri viðureign:

1. Áverkavottorð, dags. 22. apríl 1977:

„Kl. 5 að morgni þ. 11. 4. var ég kallaður í sjúkravítjun að Grundarstíg 22, Flateyri, til að skoða Hólmgeir Pálmason, sem þar býr.

Vegna ebrietas var erfitt um vik að skoða hann þá, en ég gat þó gengið úr skugga um, að ekki var um lífshættuleg meiðsli að ræða, og frestaði ég því frekari rannsókn þangað til kl. 12, en þá var að mestu runnið af honum.

Aðal áverki var gríðarstórt hæmatom kringum vinstra auga, með blæðingu í selera. Nefið var skakkt (var það áður) og blóðstorka í nefi, enda blæddi úr nefinu um nóttina, að því er virtist úr báðum nös, en sennilega hefir aðeins blætt úr vinstri nös, en upp í þá hægri. Sár eru á vörum og innan á slímhúð efri varar og sár að utan á sama stað, sennilegt að það nái í gegn, en ekki þykir ástæða til að kanna það. Röntgenmynd var tekin af höfði, en ekki varð með vissu greint brot, en þó sennilegt, að smá-sprungu sé í kinnbeini. Sjúklingur kvartar um ríð í hálsi, en ekki sjást þar áverkar. Ca 5x5 cm bólguhella er yfir sternoclavicula mótunum, sem stafar af blæðingu inn í liðinn, og er þetta mjög aumt viðkomu, og er maðurinn óvinnufær af þeim sökum. Viðsvegar í húð eru skrámur, sú stærsta á vinstra mjaðmarkambi.

19/4. Hefir liðið illa, sérstaklega í brjósti, hefir eymsli utan á hálsi, treystir sér þó í léttu vinnu.

21. 4. Kemur í lokaskoðun: Hefir nú unnið í 2 daga á lyftara, en treystir sér ekki í erfiðari vinnu. Blæðing í selera er enn mikið áberandi, en marið kringum augað er að mestu horfið og ekki óþægindi þar. Aðalkvörtun er nú frá hálsi, finnur til þar, þegar hann kyngir og þrýstir á barkakýlið utanfrá. Einnig tekur enn í sterno-clavicula mótin, þegar hann notar vinstri hönd, og hann kveðst vakna um nætur, liggi hann á vinstri hlið.“

2. Áverkavottorð, dags. 25. mars 1978:

„Hólmgeir Pálmason, Grundarstíg 12, Flateyri, kemur í skoðun í dag og óskar eftir umsögn minni um afleiðingar áverka þeirra, er hann hlaut nóttina 11/4 1977.

Hann upplýsir að hafa getað unnið léttu vinnu fram til 20. júní (vann á lyftara), en þá fór hann á handfæraveiðar og stundaði þær til 10. september. Síðan hefir hann ýmist unnið í landi eða stundað sjó á togara og telur sig fullvinnufæran í dag.

Við skoðun er ekkert óeðlilegt að sjá eða finna eftir andlits-áverkana og áverkana á hálsinum, enda segist hann ekkert finna til þar, en rétt neðan við claviculo-sternal mótin (mót viðbeins og brjóstbeins) er ávöl fyrirferðaraukning ca 3x3 cm. Þetta er fast undirlag og trúlega organiserað hæmatom og liðvökvi, því sennilega hefir liðpokinn (capsulan) rifnað við áverkann. Sjúkl-ingur telur, að þetta valdi honum ekki óþægindum að jafnaði, en þegar hann hefir unnið lengi eða þurft að taka mikið á, finnur hann til á þessum stað og hefir seiðingsverk nokkurn tíma á eftir og þá stækkar þessi ávali nokkuð. Getur það bent til þess, að enn sé rifa á pokanum, og hefi ég ráðlagt manninum að leita álits sérfræðinga um, hvort nauðsyn beri til að skera inn á liðinn og gera að skemmdum, ef þetta verður óbreytt næstu 6—12 mánuði“.

Þeir framburðir, sem raktir eru að framan, þar á meðal fram-burður ákærða sjálfs, hafa leitt í ljós, að hann hefur valdið Hólm-geir Pálmasynti meðvitundarleysi með höfuðhöggum og enn frem-ur orðið þess valdandi, að hann hlaut aðrar þær líkamlegu ákom-ur, sem lýst er í áverkavottorðum Kristbjarnar Tryggvasonar læknis. Ekki verður þó talið sannað, að ákærði hafi gerst offari í aðgerðum sínum gegn Hólmgeir inni í samkomuhúsinu. Hitt er fullsannað, að aðferðir ákærða gegn Hólmgeir utan hússins voru óhóflega ofsafengnar, og verður að telja, að hann hafi gengið mun lengra en réttlætist af löggæsluástandum eða neyðarréttarsjónar-miðum. Hólmgeir sýndi ákærða að vísu ámælisverðan mótþróa, þegar ákærði vísaði honum út. Atferli Hólmgeirs gaf ákærða þó ekki tilefni til þess að þjarma svo að honum sem raun varð á. Ákærði telst því með hegðan sinni hafa brotið gegn 217. gr., 1. mgr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur áður sætt eftirtöldum kærnum og refsingum samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins:

1965 16/2 í Kópavogi: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot á umferðar-lögum.

- 1966 8/8 á Ísafirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 49. og 50. gr. umferðarlaga.
- 1968 25/6 á Ísafirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.
- 1971 18/8 á Ísafirði: Sátt, 1.200 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. og 2. mgr. 50. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 30 daga frá 17. júlí 1971.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga. Eftir atvikum þykir þó rétt að fresta fullnustu hennar, þannig að hún falli niður að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 haldið.

Hólmgeir Pálmason hefur uppi skaðabótakröfu í málinu að fjárhæð kr. 582.600 auk 13% ársvaxta frá 11. apríl 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvaxta frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Skaðabótakrafan sundurliðast þannig:

1. Reikningur frá Kristbirni Tryggvasyni lækni vegna áverkavottorða kr. 4.000
2. Reikningur embættis bæjarfógetans í Bolungarvík til lögmanns Hólmgeirs Pálmasonar fyrir ljósritun lögregluskýrslu — 8.600
3. Vinnutap vikuna 11.—16. apríl 1977 samkvæmt vottorði Hjálms h/f — 60.000
4. Áætlað vinnutekjutap vegna þess, að Hólmgeir hafi orðið að vinna léttari og ver greidda vinnu í tæpa tvo mánuði — 60.000
5. Greiðsla fyrir sársauka og óþægindi — 350.000
6. Greiðsla fyrir lögfræðilega aðstoð — 100.000

Samtals kr. 582.600

Ákærði mótmælir skaðabótaskyldu sinni og kröfugerð Hólmgeirs Pálmasonar því í heild sinni. Verði hins vegar talið, að Hólmgeir eigi kröfu á skaðabótum, er af hans hálfu krafist stórfelldrar lækkunar, bæði vegna þess að krafan sé óraunhæf tölulega, sbr. 4., 5. og 6. lið, svo og vegna eigin sakar Hólmgeirs í málinu.

Um skaðabótakröfuna:

Upplýsingar liggja fyrir í málinu, sem teljast fullnægjandi forsendur fyrir því að taka lið 1—3 til greina.

Fyrir lið 4 hafa ekki komið fram nægileg sönnunargögn, enda

byggir hann á mjög óvissum grunni. Er því ekki hægt að taka hann til greina.

Tjón Hólmgeirs að því leyti sem liður nr. 5 fjallar um þykir hæfilega bætt með kr. 200.000.

Lið nr. 6 er í hóf stillt, og verður á honum byggt.

Samanlagt telst tjón Hólmgeirs því nema kr. 372.600.

Framkoma tjónþola, Hólmgeirs Pálmasonar, gagnvart ákærða, svo sem henni er lýst af honum sjálfum og fram kemur í framburði vitna, var ólögmæt. Verður það meðal annars ráðið af þeim orðum, sem hann lætur falla, þegar ákærði vísar honum út, þess efnis, að hann telji ákærða engan lögreglupjón vera. Látbragð hans í sömu svifum ber að sama brunni. Þá leitar hann inngöngu á ný, þótt honum hafi mátt vera ljóst, að ákærði mundi meina honum það með valdi, ef því væri að skipta, og verða heimildir ákærða til þess ekki dregnar í efa. Hann þykir því eiga nokkra sök á tjóni sínu sjálfur. Þykir hæfilegt að skipta sök þeirra þannig, að ákærði bæti Hólmgeir tjón að 3/4 hlutum, en Hólmgeir beri sjálfur 1/4 hluta þess. Samkvæmt þessu dæmist ákærði til þess að greiða Hólmgeir Pálmasyni kr. 279.450 með 13% ársvöxtum frá 11. apríl 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Að lokum ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Tryggva Guðmundssonar, kr. 50.000.

Dómsorð:

Ákærði, Guðbergur Guðnason, sæti varðhaldi í 60 daga, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 haldið.

Ákærði greiði Hólmgeir Pálmasyni skaðabætur, kr. 279.450 með 13% ársvöxtum frá 11. apríl 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Tryggva Guðmundssonar lögfræðings, kr. 50.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.